

## 8. fundur skólanefndar

<b>Mættir:</b>	Flosi Eiríksson formaður, Finnur Beck, Jóhann Ísak Pétursson fulltrúi kennara, Kolbeinn Óttarsson Proppé, Margrét Friðriksdóttir skólameistari, Þóra Elfa Björnsson, Arnar Ingólfsson fulltrúi nemenda og Andrés Pétursson	
<b>Forfallaðir:</b>	Ekki hefur verið skipaður nýr fulltrúi foreldra. Verður gert fyrir næsta fund.	
<b>Staður:</b>	Fundarherbergi	
<b>Tími:</b>	Kl. 12:00-13:30	<u>Dags.: 2. sept</u> <u>2014</u>

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	Flosi Eiríksson, formaður nefndarinnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann bauð nýja stjórnarmenn, Andrés Pétursson fulltrúa Kópavogsbæjar og Arnar Ingólfsson fulltrúa nemenda velkomna.	FE	
1.	Verkefni skólanefndar- ritari fundargerða	MF	15 mín.
	Flosi bauð sig fram sem formaður að nýju og var það samþykkt. Einnig samþykkt að Andrés yrði ritari nefndarinnar. Umræða um verkefni nefndarinnar og skipunartíma stjórnar. Samþykkt að þakka Sigurði Konráðssyni fráfarandi ritara stjórnar vel unnin störf en hann hverfur nú úr stjórn.		
2.	<b>Upphaf haustannar 2014</b>	MF	25 mín.

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	<p>Skólameistari lagði fram skóladagatal 2014-2015 og upplýsti að aðeins færri nemendur hafa skráð sig til náms í skólann en undanfarin ár. Þetta á ekki eingöngu við MK heldur flesta framhaldsskóla á landinu. Líkleg skýring er að auðveldara er að fá vinnu núna en undanfarin ár. Önnur skýring fyrir MK er að verkefninu „Nám er vinnandi vegur“ er nú lokið.</p> <p>Skólameistari samþykkti að fela skólameistara að hefja viðræður við yfirvöld um áframhaldandi svipað átaksverkefni enda hefði reynslan af fyrri verkefni verið mjög góð. Skólameistari sagði frá samstarfi við grunnskóla Kópavog varðandi fjarnám. En einnig hefðu 70 mætt í valfag í matvælagreinum. Ekki er lengur boðið upp á þjónustu hjúkrunarfræðings við skólann vegna sparnaðar hjá heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Sagði frá nýnemavígslu og tilvonandi nýnemaferð í Vatnaskóg.</p>		
<b>3.</b>	<b>Fjármál – 6 mánaða uppgjör</b>		
	<p>Skólameistari dreifði rekstraryfirliti. Sparnaraðgerðir vorannar hafa skilað sér og er skólinn töluvert undir rekstraráætlun. Stjórnin ánægð með árangurinn en umræða um að þetta aðhald kæmi niður á gæðum námsins. Ekki er endalaust hægt að ætlast til að skólinn geti sparað í rekstri.</p>	<b>MF</b>	<b>25 mín.</b>
<b>4.</b>	<b>Flokkun á sorpi- umhverfisdagar</b>	<b>ME</b>	<b>10 mín.</b>
	<p>Skólameistari sagði frá umhverfisdegum 15.-18. sept. n.k. Skólinn er að hefja markvissari flokkun á sorpi. Tengist samgönguviku og degi umhverfisins. Stefnt að umhverfissvottun í framtíðinni</p>		
<b>5.</b>	<b>Önnur mál</b>	<b>MF</b>	<b>15 mín.</b>

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	<p>a) Finnur Beck spurði um fagmennsku í ferðaþjónustugeiranum og möguleika að markaðssetja námið í MK betur. Umræða um stöðu ferðaþjónustunnar og samstarf við fagfélög í geiranum. Formanni og skólameistara falið að koma með hugmyndi um samráð við fagfélögin.</p> <p>b) Andrés benti á styrkjámöguleika Erasmus + varðandi nám fyrir ófaglærða í ferðaþjónustunni</p> <p>c) Arnar sagði frá starfi nemendafélagsins og vakti athygli á Tyllidögum 6. og 7. október n.k.</p>		
	<p>Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:30</p>	<p><b>FE</b></p>	

Andrés Pétursson

ritaði fundargerð

*Uppfært þriðjudagur, 02 september 2014 14:06*